

Leiðarvísir

Sapphire 850/830



KEEPING THE WORLD SEWING

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISLEIÐBEIN- INGAR

Þegar verið er að nota raf-
magnstæki þá ætti ávallt að
hafa grundvallar öryggisatriði
í huga, eins og þessi hér á
eftir:

Lesið allan leiðarvísinn áður
en þið byrjið að nota þessa
saumavél.

Byrjað að sauma

Bls. 7-17

1

Unnið á vélina

Bls. 18-33

2

Almenn saumataekni

Bls. 34-40

3

Umhirða og viðhald

Bls. 41-43

4

Yfirlit yfir vél og fylgihluti, bls 5-6

Yfirlit yfir sauma og stafróf, bls. 44-46

Innihald

Hlutir vélarinnar	5
Fylgihlutir	6

1. Byrjað að sauma

Vélin tekin upp	7
Gengið frá að saum loknum	7
Hólf fyrir fylgihluti	7
Fríarmurinn notaður	7
Aukalegt vinnuborð	7
Fótmótstaðan tengd	8
Vélin tengd við rafmagn	8
Flytjarinn tekinn úr sambandi.....	9
Skipt um saumfót	9
Skipt um nál	9
Nálar	10
Keflispinnar og skífur á þá.....	11
Þræðing á yfirtvinna	12
Þræðari fyrir nál.....	13
Tvinnahnífur	13
Þræðing á tvíburanálum	14
Spólað á spóluna með vélina þrædda	14
Spólað á spóluna frá lóðréttu keflispinnanum.....	15
Spólað á spóluna frá aukalega keflispinnanum	15
Spólan sett í vélina	15
Tvinnaspennan	16
Einstakt nema kerfi (ESS)	17
Byrjað að sauma.....	17

2. Unnið á vélina

Aðgerðartakkar	18
Aðgerðartakkar á snertifletinum	19-20
Saumaaðgerð vél 830	21
Saumaaðgerð vél 850	22

Saumur valinn.....	23
Stafróf valið.....	23
Forritun	24-26
Valmyndin - mínir saumar	27
SET valmyndin	28-29
Sprettigluggar með skilaboðum.....	30-32
Saumaráðgjafi	33


3. Almenn saumataekni

Saumað	34
Jaðrar kastaðir	35
Saumað og jaðrar kastaðir samtímis	35
Ístopp og bætur	36
Faldar á gróf efni	36
Blindfaldur	36
Hnappagöt.....	37-38
Töluáfesting	39
Rennilásar.....	40

4. Umhirða og viðhald

Skipt um peru	41
Vélin heinsuð.....	41
Truflanir og ráð við þeim.....	42-43
Saumatafla - valmynd 1 - nytjasaumar	44-45
Yfirlit yfir sauma	46
Stafróf	46

Hlutir vélarinnar




- | | | |
|--------------------------------------|---|--|
| 1. Lok | 13. Stingplata | 25. Tvinnahnífur fyrir spólutvinna |
| 2. Tvinnastýring fyrir forspennu | 14. Lok yfir spólu | 26. Handhjól |
| 3. Skífur í tvinnaspennu | 15. Fríarmur | 27. Skjár 850 (skjárinn á 830 er minni) |
| 4. Þráðgjafi | 16. Rofi til að taka flytjara úr sambandi | 28. Snertiflötur með aðgerðartökkum |
| 5. Skífa fyrir tvinnaspennu | 17. Nálstöng með festiskrúfu | 29. Aðalrofi og tenging við rafmagn og fót móttöðu |
| 6. Tvinnaspenna fyrir spólun | 18. Fótstöng | |
| 7. Snertiflötur fyrir aðgerðarhnappa | 19. Fóthalda | |
| 8. Tvinnahnífur | 20. Valflötur fyrir sauma | |
| 9. Perur | 21. Keflispinni | |
| 10. Tengill fyrir hnappagatanema | 22. Skífur fyrir keflispinna | |
| 11. Þræðari fyrir nál | 23. Aukalegur keflispinni | |
| 12. Saumfótur | 24. Spólari | |

Fylgihlutir

Saumfætur

	Saumfótur A	Þessi fótur er á vélinni þegar hún er afgreidd. Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma, zik zak og sporlengd yfir 1,0.
	Saumfótur B	Þegar verið er að sauma útsauma, þétt zik zak spor og nytjasauma sem eru með sporlengd undir 1,0 er gott að nota þennan fót. Úrtakið undir sólanum rennur vel yfir þessa sauma.
	Hnappagatafótur C	Þessi fótur er fyrir hnappagöt sem saumuð eru í þrepum. Notið línurnar á tánni á fætinum til að staðsetja jaðarinn á flíkinni. Tvær raufar eru undir fætinum sem tryggja öruggari flutning yfir raufar hnappagatsins. Hakið aftan á fætinum er notað til að krækja undirleggsþræði í ef með þarf.
	Blindsaumsfótur D	Þessi fótur er notaður við blindfaldssauma. Innri brún fótarsins stýrir efninu en hægri táin á fætinum er hönnuð til að renna meðfram faldbrúninni.
	Rennilásafótur E	Hægt er að smella þessum fæti á fólthölduna hvort sem er vinstra eða hægri megin við nálina þannig að auðvelt er að sauma meðfram brún rennilása beggja megin frá. Færið síðan nálastöðuna til hægri eða vinstri til að sauma þétt upp við lásinn.
	Rennslisfótur H	Þessi fótur sem er með sérstakar rennslisplötur að neðan hentar vel þegar sauma þarf svampefni, plast eða leður en þessi efni vilja festast við venjulega járnfætur.
	Jaðarfótur J	Þessi fótur er notaður til að kasta sauma eða sauma saum og kasta jaðra samtímis. Sporin myndast yfir pinnann á jaðri fótarsins og kemur í veg fyrir að jaðarinn dragist inn.
	Útsaums og stoppfótur R	Fyrir fríhendis ístopp, fríhendis bútaum og fríhendis útsaum.
	Hnappagatafótur með nema	Þegar þessi fótur er tengdur við vélina, saumar vélin hnappagatið í þeirri lengd sem hentar tölustærðinni sem gefin hefur verið upp í vélina.



1. Tvinnanet. Rennið þeim yfir keflið ef verið er að nota gerfitvinna sem vill renna til (2).
2. Rennslisplötur (2)
3. Nálar
4. Spólur (5)
5. Sprettihnífur
6. Bursti
7. Filtskífa
8. Skrufjárn
9. Áhald til að fjarlægja peru
10. Auka skífur á keflispinna, ein stór og ein meðalstór..
11. Jaðarplata/Milliplata fyrir hálsta á tölur

Vélin tekin upp

1. Setjið vélin á stöðugt borð, fjarlægið pakkningar og lyftið lokinu af henni.
2. Fjarlægið pakkningar og fótmótstöðuna.
3. Vélinni fylgir poki með fylgihlutum, rafmagnssnúra og snúra í fótmótstöðu.
4. Strjúkið af vélinni með mjúkum klút og sérstaklega í kring um nálina og stingplötuna til að engir blettir komi í efnið.

Gengið frá að saum loknum

1. Ýtið á aðalrofann til að slökkva á vélinni.
2. Takið rafmagnssnúruna úr vegg tenglinum og síðan úr vélinni.
3. Takið fótmótstöðuna úr sambandi við vélina. Vindið snúruna og setjið hana í auða plássið undir mótstöðunni.
4. Athugið að allir fylgihlutir séu á sínum stað í hólfinu og rennið hólfinu á sinn stað fyrir aftan fríarminn.
5. Setið fótmótstöðuna í auða rýmið fyrir ofan fríarminn.
6. Setjið lokið yfir vélina.

Hólf fyrir fylgihluti

Í hólfinu er rými fyrir alla saumfætur, nálar, spólur og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina ávallt í þessu hólfi þannig að þeir séu aðgengilegir þegar á þeim þarf að halda.

Notkun á fríarminum


Rennið hólfinu fyrir fylgihlutina til vinstri til að komast að fríarminum.

Notið fríarminn þegar þið þurfið að sauma eða gera við hólklaga flíkur eins og skálmar eða ermar.

Rennið síðan hólfinu fyrir fylgihlutina til þar til það fellur á sinn stað.

Aukalegur vinnuflötur


Rýmið hægra megin við nálina og að armi vélarinnar er stærra en á flestum öðrum saumavélum. Þetta auðveldar að sauma stærri efni og kemur sér t.d. mjög vel við bútasaum. Látið hólfið fyrir fylgihlutina vera á vélinni því það stækkar einnig flata vinnuflötinn.



Fótmótstaðan tengd

Meðal fylgihlutanna er rafmagnssnúran fyrir fótmótstöðuna og aðalsnúran fyrir rafmagn. Tengið snúruna fyrir mótstöðuna aðeins í fyrsta skipti, en látið hana síðan vera tengda.

1. Takið snúruna fyrir fótmótstöðuna og snúið mótstöðunni við. Tengið snúruna við tengilinn sem er neðan á mótstöðunni.
2. Þrýstið á hana til að tryggja að hún sé örugglega tengd.
3. Leggið snúruna síðan í raufina neðan á mótstöðunni.,



Tengið vélina við rafmagn

Neðan á vélinni sjáið þið allar upplýsingar um rafmagn fyrir vélina þ.e.a.s. fyrir hvaða voltafjölda (V) hún er og fyrir hvaða tíðni (Hz).


Áður en þið tengið fótmótstöðuna við vélina gáið þá að því að hún sé af réttri tegund "FR5" (sjá neðan á mótstöðunni).

1. Tengið snúruna frá mótstöðunni í fremri tengilinn neðst hægra megin á vélinni.
2. Tengið rafmagnssnúruna í aftari tengilinn neðst hægra megin á vélinni.
3. Þegar þið kveikið á aðalrofanum er bæði kveikt á vélinni og ljósi vélarinnar.



Takið flytjarann úr sambandi

Flytjarinn er tekinn úr sambandi þegar þið færið snerilinn til hægri. Ýtið honum til vinstri þegar þið viljið fá flytjarann aftur í samband, en athugið að hann kemur ekki upp fyrir en byrjað er að sauma eða vélinni er snúið einn hring. Ávallt á að taka flytjarann úr sambandi þegar verið er að festa tölur eða verið að vinna við frihendis sauma.





1

Skipt um saumfót



Slökkvið á aðalrofanum

1. Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu og togið saumfótinn að ykkur.
2. Látið pinnann í saumfætinum vera á móts við auða svæðið á fóthöldunni. Þrýstið frá ykkur þar til fóturinn smellur á sinn stað.




Skipt um nál



Slökkvið á aðalrofanum

1. Losið um festiskúfuna (A) á nálarhöldunni með skrufjárn.
2. Fjarlægið nálina.
3. Ýtið nýrri nál eins langt upp í hölduna og hún kemst og gætið þess að flatí kanturinn á nálarleggnum snúi aftur.
4. Herðið á skrufunni með skrufjárn.



Nálar

Nálin og rétt gerð af henni er mjög áriðandi þáttur í vel heppnuðum saum. Í vélina á eingöngu að nota nálar af gerðinni 130/705H. Nálapakkinn sem fylgir með vélinni inniheldur algengustu stærðir sem notaðar eru til að sauma ofin og teygjanleg efni.

A Alhliða nálar



Þessar nálar eru notaðar til að sauma saman öll ofin efni. Oddurinn er hannaður þannig að hann á að fara á milli þráðanna í efninu þannig að það skemmist ekki.

B "Stretch"-nálar fyrir teygjanleg efni

Þessar nálar eru hannaðar fyrir þrjón og önnur teygjanleg efni. Þessar nálar eru merktar með gulu striki og oddurinn á þeim er meira afrúnaður. Þær eru einnig hannaðar á sérstakan hátt til að forðast að vélin hlaupi yfir ef "teygjanleiki" í þráðunum yta á hana.

C "Jeans"- nálar fyrir gallabuxnaefni

Þessar nálar eru sérstaklega hannaðar fyrir mjög gróf og þétt ofin efni eins og gallabuxnaefni og segldúk. Þessar nálar eru merktar með bláu striki og eru með sérstaklega hvassan odd til að auðvelda nálinni að komast í gegn um efnin.



ATH: Skiptið oft um nálar. Notið ávallt beinar og óskemmdar nálar með hvössum oddi (1). Skemmd nál (2) orsakar að vélin hleypur yfir, nálarnar brotna og tvinninn slitnar. Skemmd nál getur einnig skemmt stingplötuna á vélinni.

Keflispinnar og skífur á þá

Á vélinni eru tveir keflispinnar, aðal keflispinninn og aukalegi keflispinninn, og þeir eru hannaðir fyrir allar gerðir af keflum fyrir heimilsvélar. Aðal keflispinninn er hannaður þannig að hægt er að nota hann hvort sem er í lárétttri (tvinninn rennur af keflinu) eða lóðrétttri stöðu (keflið snýst). Notið láréttu stöðuna fyrir venjulegan tvinna en lóðréttu stöðuna fyrir stærri tvinnakefli og sérstakan tvinna.



Lárétt staða

Lyftið keflispinnanum aðeins upp á við til að setja tvinnakeflið á hann. Tvinninn á að renna rangsælis af keflinu eins og sést á myndunum hér til hliðar. Setjið hentuga stærð af skífu fyrir framan tvinnakeflið og setjið keflispinnann aftur í lárétta stöðu.

Hafið ávallt tvær skífur á keflispinnanum. Fyrir minni kefli er minni skífan (A) höfð fyrir framan keflið en sú stærri fyrir innan, en fyrir stærri kefli er minni skífan höfð fyrir innan en sú stærri (B) fyrir framan keflið.

Flati hluti skífanna á að liggja þétt upp að keflunum og ekkert bil á að vera á milli keflisins og skífanna í lárétttri stöðu.


Það fylgja tvær aukalegar skífur með vélinni sín af hvorri stærðinni. Millistærðina er hægt að nota fyrir meðalstór kefli, en stóru skífuna er gott að nota undir kefli þegar keflispinninn er notaður í lóðrétttri stöðu. eða þegar spólað er af öðru tvinnakefli eða sauma með tvíburanál.



Lóðrétt staða

Lyftið keflispinnanum í lóðréttu stöðu og alla leið til hægri. Læsið pinnanum í þessari stöðu með því að ýta aðeins á hann niður á við. Setjið stóru skífuna og einnig filtskífu undir tvinnakeflið en filtskífan kemur í veg fyrir að keflið snúist of hratt.


ATH: Ekki á að setja neina skífu ofan á tvinnakeflið í lóðrétttri stöðu því það gæti hindrað keflið í að snúast.




Aukalegur keflispinni

Aukalegi keflispinninn er t.d. notaður til að spóla á spóluna af öðru tvinnakefli eða fyrir annað tvinnakefli þegar verið er að sauma með tvíburanál.

Lyftið auka keflispinnanum upp á við til vinstri og setjið stóra skífu og filtskífu undir tvinnakeflið.





Þræðing á yfirtvinnanum



Hafið saumfótinn og nálina í efstu stöðu.



Slökkvið á aðalrofanum

1. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og setjið skífur beggja megin við keflið eins og lýst var á bls. 11.
2. Leggið nú tvinnann fyrir aftan stýringuna fyrir forspennuna (A) og síðan undir stýringu (B).
3. Leggið tvinnann síðan á milli skífanna í tvinnaspenunni (C).
4. Haldið áfram að þræða eins og sýnt er með örvunum. Leggið tvinnann síðan hægra megin frá í raufina á þráðgjafanum (D).
5. Leggið tvinnann síðan í raufina niður á við og fyrir aftan stýringarnar sem eru rétt fyrir ofan nálina (E).


Þræðari fyrir nál

Nálin verður að vera í efstu stöðu til að hægt sé að nota innbyggða þræðarann fyrir nálina. Við mælum einnig með því að saumfóturinn sé settur niður.

1. Þrýstið á handfangið til að toga þræðarann niður á við og látið hakið á þræðaranum fara yfir tvinnann sem nota á (A).
2. Þrýstið aðeins aftur á bak þannig að þræðarinn sveigist að nálinni og járnhlífarnar á honum fari sitt hvoru megin við nálina. Lítil krókur á milli hlífanna fer þá í gegn um nálaraugað (B).
3. Leggið nú tvinnann undir hlífarnar fyrir framan nálina þannig að tvinninn leggist í krókinn á þræðaranum (C).
4. Látið þræðarann ganga rólega til baka. Krókurinn togar þá tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju hinu megin við augað á nálinni. Togið lykkjuna alveg í gegn um nálaraugað.
5. Setjið tvinnann undir saumfótinn.


ATH: Hægt er að nota þræðarann fyrir venjulegar nálar ef stærðunum 70-120. Ekki er hægt að nota þræðarann fyrir nálar nr. 60, ekki fyrir Wing-húllsaumsnálina og ekki fyrir tvíbura eða þríburanálar eða þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum. Nokkrir aðrir aukahlutir krefjast þess einnig að nálin sé þrædd á venjulegan hátt með höndunum.

Þegar nálin er þrædd með höndunum þarf auðvitað að þræða hana framan frá og gott er að láta augað á henni á móts við hvíta flötinn á fóthöldunni því þá sést augað á nálinni betur. Hægt er að nota lokið yfir spólunni sem stækkunargler.



Tvinninn klipptur

Þegar saum er lokið er hægt að klippa tvinnana með því að lyfta saumfætinum og draga síðan tvinnana í raufina vinstra megin á vélarhausnum en þar er tvinnahnífur.



Þræðing á tvíburanál



Slökkvið á aðalrofanum

1. Setjið tvíburanál í nálarhölduna.
2. Notið annað tvinnakefli eða spólið tvinna á spólu og notið hana sem annan yfirtvinnann.
3. Lyftið keflispinnanum upp á við og alla leið til hægri og læsið keflispinnanum með því að þrýsta aðeins ofan á hann. Setjið stóra skífu og filtskífu undir tvinnakeflið.
4. Setjið fyrra keflið á keflispinnann og gætið að því að tvinninn á að renna réttisælis af keflinu.
5. **VINSTRI NÁL:** Þræðið vélina eins og fyrr en gætið þess að þessi tvinni fari á milli vinstri skífanna í tvinnaspennunni (A). Þræðið vinstri nálina með höndunum.
6. Smellið aukalega keflispinnanum upp á við til vinstri og setjið stóra skífu og filtskífu undir keflið eða spóluna.
7. Setjið seinna tvinnakeflið á keflispinnann og látið þennan tvinna renna rangsælis af tvinnakeflinu.
8. **HÆGRI NÁL:** Þræðið vélina eins og fyrr en gætið þess að þessi tvinni fari á milli hægri skífanna í tvinnaspennunni (A). Þræðið hægri nálina með höndunum.

ATH: Notið ekki tvíburanál af þeirri gerð sem sýnd er hér til hliðar (A), því þær gætu skemmt vélina.




Spólað á spóluna með vélina þrædda



Fullvissið ykkur um að bæði saumfóturinn og nálín séu í efstu stöðu.


Ath! Notið eingöngu járnfætur þegar þessi aðferð er notuð.

1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið Husqvarna Viking merkið snúa upp. Notið eingöngu Husqvarna Viking spólur.
2. Togið tvinnann undir saumfótinn til hægri og í gegn um tvinnastýringuna(A).
3. Snúið nú nokkra hringi ofan frá réttisælis utan um spóluna. Ýtið spólarann til hægri og klippið umframtvinnann í hnífnum.
4. Stígið á fótmoststöðu til að byrja spólun. Þegar spólan er orðin full stöðvast hún sjálfkrafa. Ýtið spólarann til vinstri - fjarlægið spóluna og klippið á tvinnann.



Spólað á spóluna frá lóðrétta keflis-pinnanum


1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið Husqvarna Viking merkið snúa upp. Notið eingöngu Husqvarna Viking spólur.
2. Setjið stóra skífu og filt undir tvinnakeflið á aðal keflis-pinnanum og hafið hann í lóðréttri stöðu.
3. Leggið tvinnann í stýringuna fyrir forspennuna (A) og niður á við í spennudiskana (B), og síðan í tvinnastýringuna (C) eins og sýnt er.
4. Snúið nú nokkra hringi ofan frá og réttsælis utan um spóluna. Ýtið spólaranum til hægri og klippið umframtvinnann í hnífnum.
5. Stígið á fótmótstöðuna til að byrja spólun. Þegar spólan er orðin full stöðvast hún sjálfkrafa. Ýtið spólaranum aftur til vinstri - fjarlægið spóluna og klippið á tvinnann.



ATH: Það fer eftir tegund tvinnans, en stundum getur verið gott að snúa tvinnanum einn eða jafnvel tvo hringi utan um forspennuna (B) til að fá meiri spennu á hann.

Spólað á spóluna frá aukalega keflis-pinnanum

1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið Husqvarna Viking merkið snúa upp. Notið eingöngu Husqvarna Viking spólur.
2. Smellið aukalega keflispinnanum upp til vinstri og setjið stóra skífu og filt undir tvinnakeflið.
3. Leggið tvinnann í stýringuna fyrir forspennuna (A) og niður á við í spennudiska (B), og síðan í tvinnastýringuna (C) eins og sýnt er.
4. Snúið nú nokkra hringi ofan frá og réttsælis utan um spóluna. Ýtið spólaranum til hægri og klippið umframtvinnann í hnífnum.
5. Stígið á fótmótstöðuna til að byrja spólun. Þegar spólan er orðin full stöðvast hún sjálfkrafa. Ýtið spólaranum aftur til vinstri - fjarlægið spóluna og klippið á tvinnann.





Spólan sett í vélina



Slökkvið á aðalrofanum

1. Fjarlægið lokið yfir gríparanum með því að renna því að ykkur.
2. Setjið spóluna í gríparann og látið Husqvarna Viking nafnið snúa upp. Spólan kemur þá til með að snúast rangsælis þegar þið togið í tvinnann.
3. Þrýstið á spóluna til að hún geti ekki snúist um leið og þið togið aðeins í tvinnann til hægri og síðan til vinstri inn í spennifjöðrina (A) þar til hann "smellur" á sinn stað.
4. Haldið áfram að þræða utan um (B) og síðan í tvinnahnífinn (C). Ýtið lokinu á sinn stað (1). Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann (2).




Tvinnaspennan

Notið þá tvinnaspennu sem mælt er með í ráðleggingum á skjánum. Þið gætuð þurft að breyta yfirspennunni aðeins en það fer eftir tvinnanum, efninu og þeim saum sem verið er að sauma. Til að beyta spennunni snúið þið númeraða snerlinum. Því hærri sem talan er þeim mun stífari er spennan.

“Venjulega” stillingin er í kring um 4. Þegar verið er að sauma hnappagöt eða skrautsauma er hún stillt í kring um 3. Þegar verið er að stinga með grófum tvinna þarf hún hins vegar að vera í kring um 7-9.


Saumið ávallt prufusaum á sams konar afgangsbúta og efnið er sem þið ætlið að fara að sauma til að sjá hvort stillingin er rétt.



Rétt og röng tvinnastilling

Til að skilja hvernig tvinnaspennan vinnur er ágætt að sauma nokkra beina sauma með mismunandi stillingum.

1. Byrjið á stillingu sem er of laus, þ.e.a.s. stillið á lága tölu. Undirtvinninn liggur þá bara beinn og undirtvinninn hefur dregið yfirtvinnann niður á rönguna.
2. Stillið þá á of fasta stillingu þ.e.a.s. á of háa tölu, og þá kemur undirtvinninn upp á réttuna. Saumurinn gæti hafa rykkst og yfirtvinninn gæti slitnað.
3. Rétt tvinnastilling er þegar báðir tvinnarnir þ.e.a.s. yfir og undirtvinni mætast á milli beggja efnislaganna, en þegar um skrautsauma og hnappagöt er að ræða á yfirtvinninn aðeins að fara niður á rönguna.



Einstakt nema kerfi



Nemi fyrir þrýsting á fót

Sjálfvirka stillingin á þrýstinginn ofan á saumfótinn fer eftir því hvaða efni var valið í saumaráðgjafanum. Þökk sé þessu einstaka nema kerfi er jöfnum og sama þrýsting haldið á saumfætinum allan tímann meðan saumað er. Þetta kerfi nemur þykktina á efninu sem verið er að sauma og stillir þrýstinginn á saumfótinn sjálfkrafa. Saumfóturinn rennur jafnt og auðveldlega yfir saumflötinn með öruggum árangri og flutningi vélarinnar.

Ef þið viljið sjá hver raunverulega stillingin er á saumfætinum fyrir valið efni og breyta henni handvirkt þá getið þið farið í SET valmyndina - sjá bls. 28).

Nemi fyrir fótlyftingu



Hægt er að lyfta og setja saumfótinn niður í 4 stigum og er það gert með hnöppunum fyrir fótinn upp - fótinn niður (sjá næstu blaðsíðu).

Saumfóturinn er sjálfkrafa settur niður þegar byrjað er að sauma. Þegar þið stoppið og nálin er niðri í efninu, nemur fóturinn sjálfkrafa hversu þykkt efnið er sem verið er að sauma og lyftir saumfætinum þannig að hann rétt flýtur fyrir ofan efnið svo auðvelt er að snúa efninu. Farið í SET valmyndina ef þið viljið breyta þessu (sjá bls. 28).

Byrjað að sauma

Hnapparnir sem eru neðst á snertifletinum eru fyrir saumaráðgjafann sem aðstoðar ykkur við að velja besta sauminn og bestu stillingarnar þegar þið ætlið að sauma.

Ýtið á hnappinn fyrir tegund efnis og þykkt. Ýtið síðan á hnappinn fyrir þá saumtækni sem nota á, eða veljið saum úr einhverri valmyndanna (sjá bls. 23)

Setjið yfir og undirtvinnann undir saumfótinn og aftur undan honum. Til að ná sem bestum árangri haldið þá tvinnnaendunum föstum meðan vélin myndar fyrstu sporin.

Staðsetjið efnið undir saumfætinum.

Stígið á fótómótstöðuna til að byrja að sauma. Saumfóturinn lækkar nú sjálfkrafa ofan á efnið.

Aðgerðahnappar

1. Nálin stöðvist uppi / niðri

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálinu upp eða niður. Stöðvunarstaða nálarinnar er ákveðin þá um leið.

Efra ljósið á hnappnum kviknar ef stöðvunarstaðan hefur verið ákveðin uppi, en neðra ljósið ef hún er á að stöðvast niðri.

Einnig er hægt að smella snögg á fótstöðvunarskjal til að fá nálinu í efri eða neðri stöðu. Ef bæði nálin og saumfóturinn eiga að stöðvast í efri stöðu, mun eingöngu fóturinn fara niður ef smellt er snögg á stöðvunarskjal til að setja hann í neðri stöðu.

2. Saumfótur upp / hærri lyfting

Þessi hnappur setur saumfótinn í efri stöðu. Ýtið aftur á hnappinn og þá fer hann enn hærri svo að hægt verði að koma þykkum efnum eða taka slík efni undan honum.

3. Saumfótur niður / snúningsstaða

Ýtið á þennan hnapp og þá fer saumfóturinn niður og heldur við efnið. Ýtið aftur á þennan hnapp til að lyfta fætinum í fljótandi stöðu til að snúa efninu.

Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður þegar byrjað er að sauma. Þið getið einnig smellt á fótstöðvunarskjal til að setja fótinn niður.

Þegar þið stoppið og nálin er í neðri stöðu, lyftist fóturinn sjálfkrafa í fljótandi stöðu. Hægt er að slökkva á þessari aðgerð í SET valmyndinni.

4. Stop

STOP er notað til að ljúka við ákveðinn saum eða til að sauma t.d. aðeins einn mynstursaum í einu og láta vélina stöðvast að honum loknum. Að saum loknum heftir vélina fyrir sauminn. Ljósið sem er við hliðina á hnappnum kviknar þegar STOP aðgerðin er virk. STOP aðgerðin er gerð óvirk eftir að hafa notað hana einu sinni. Ýtið aftur á hnappinn ef þið viljið nota hana aftur.



5. Hraði

Allir saumar í vélinni eru með sinn fyrirfram ákveðna saumhraða. Ýtið á SPEED hnappinn til að auka eða minnka hraðann, sem hægt er að gera í 3 stigum. Hraðinn er sýndur á skjánum. Ekki er hægt að stilla á hærri hraða en forritaði hámarks hraðinn er fyrir valinn saum.

6. Fix

Með því að ýta á FIX hnappinn er hægt að hefta fyrir sauminn í byrjun og/eða í lok hans. Ljósið við hliðina á hnappnum kviknar þegar þessi aðgerð er virk. Ýtið aftur á FIX hnappinn til að gera aðgerðina óvirka.

FIX aðgerðin er sjálfkrafa virk þegar saumur hefur verið valinn eða þegar STOP aðgerðin er notuð. Hægt er að slökkva á sjálfvirku FIX aðgerðinni í SET valmyndinni.

7. Afturábak

Ýtið á hnappinn til að sauma afturábak. Þegar hnappnum er sleppt saumar vélina áfram á ný. Ljósið á hnappnum kviknar þegar saumað er afturábak.

Til að sauma stöðugt afturábak er ýtt einu sinni á takkann áður en byrjað er að sauma. Vélina saumar þá afturábak þar til ýtt er aftur á hnappinn.

Aðgerðahnappar á snertifletinum

10. Önnur sýn

Þegar flatsaumsspor er valið er lengd þess og breidd sýnd á skjánum. Með því að ýta á hnappinn "önnur sýn" (alternate view) getið þið séð þéttleika sporsins í stað lengd þess.

11. Sporlengd / Þéttleiki

Þegar saumur er valinn stillir vélin sig sjálfkrafa á hentugustu sporlengdina fyrir þann saum. Þessi stilling sést á skjánum. Þið getið breytt sporlengdinni með því að ýta á + og – hnappinn.

Ef þið hafið valið hnappagat, þá sýnir skjárinn þéttleikann í sporum hnappagatsins í stað sporlengdarinnar. Þið getið þá breytt þéttleikanum með því að ýta á + og – hnappana.

Ef þið ýtið á hnappinn "önnur sýn" þá sýnir skjárinn þéttleikann í flatsaumssporum. Notið + og – hnappana til að breyta stillingum.

12. Sporbreidd / Nálarstaða

Sporbreiddin er á sama hátt fyrirfram ákveðin og sést á skjánum. Hægt er að stilla breiddina á bilinu frá 0 og að 7 mm. Sum mynstur hafa þó takmarkaða saumbreidd.

Ef beint spor er valið þá eru + og – hnapparnir notaðir til að færa nálarstöðuna til hægri eða vinstri og hægt er að velja um 29 nálarstöður.

13. Hreinsa (Clear)

Ýtið á þennan hnapp til að eyða einum saum í saumaröð eða allri röðinni. Eða notið hann til að eyða saumum eða saumaröðum í valmyndinni "mínir saumar"

14. Valhnappar fyrir sauma

Með því að ýta á einhvern af hnöppunum 0 til 9 veljið þið samstundis þann saum sem sýndur er á viðkomandi hnapp.

Með því að velja tvo stafi snöggt hvern á eftir öðrum, er hægt á þennan hátt að velja sauma úr valmyndinni yfir sauma frá 10 og upp úr. Ef enginn saumur er með það númer sem þið völduð, gefur vélin frá sér hljóðmerki og fyrri stafurinn af þeim sem valinn var verður þá valinn saumur.

15. Navigator örvahnappar

Veljið þann saum sem þið ætlið að nota með því að nota örvahnappana og staðfestið valið með því að ýta á OK hnappinn.

Notið vinstri/hægri hnappana til að velja sauminn þrep fyrir þrep eftir númeraröð innan valinnar valmyndar.

Örvahnapparnir eru einnig notaðir við forritun og þá til að velja saum í saumaröð eða til að velja bókstaf til að setja í röðina.

Örvatakkarnir upp/niður eru einnig notaðir til að stilla stærð hnappagats og til að velja fjölda spora við töluáfestingu.



16. Valmynd fyrir sauma

Ýtið á þennan hnapp til að velja saum úr einhverri valmynd fyrir sauma á skjánum.

17. Valmynd fyrir stafróf

Ýtið á þennan hnapp til að opna fyrir valmyndina fyrir stafrófin á skjánum.

18. Skipt á milli hástafa og lágstafa eða tölustafa

Ýtið á þennan hnapp til að skipta á milli hástafa og lágstafa þegar verið er að búa til orð.

19. Vista sem "mína sauma"

Þessi hnappur opnar valmyndina þar sem þið getið geymt ykkar eigin sauma eða saumaraðir. Ýtið aftur á þennan hnapp þegar þið viljið yfirgefa valmyndina.

20. Forritunar aðgerð

Ýtið á þennan hnapp til að opna fyrir forritunaraðgerð. Ýtið aftur á þennan hnapp þegar þið viljið yfirgefa valmyndina.

21. SET Valmyndin

Ýtið á þennan hnapp til að opna valmyndina fyrir stillingar á vélinni. Gerið þær breytingar sem þið viljið með því að nota örvatakkana (15). Ýtið aftur á þennan hnapp til að yfirgefa SET valmyndina.

22. Hliðarspeglun

Ýtið á þennan hnapp til að hliðarspegla valinn saum. Ef ýtt er á þennan hnapp þegar vélin er stillt á beint spor með sporlegu vinstra megin, breytist sporlegan frá vinstri til hægri. Ef ýtt er á þennan hnapp þegar verið er að sauma mynsturröð, speglast öll mynsturröðin. Breytingin er sýnd á skjánum.

23. Saumaráðgjafinn

Saumaráðgjafinn velur ávallt besta saum, sporlengd, sporbreidd, saumhraða og þrýsting á saumfót fyrir það efni og saumataækni, sem þið hafið valið. Saumurinn er sýndur á skjánum ásamt ráðlögðum saumfæti, tvinnaspennu og nál. Ýtið á hnappinn fyrir það efni sem þið ætlið að nota og þá saumataækni sem nota á.



830








850

Saumaaðgerð, 830

Saumaaðgerð er það fyrsta sem kemur upp á skjáinn eftir að kveikt er á vélinni. Hér eru allar grunnupplýsingar sem þarf til að byrja að sauma. Þetta er einnig valmyndin þar sem þið breytið stillingum fyrir sauminn. Beint spor er sjálfgefið val.

1. Nálgaróflæiki sem mælt er með að nota fyrir viðkomandi efni.
2. Saumfótur sem mælt er með að nota fyrir viðkomandi saum.
3. Saumhraðinn er gefinn til kynna með þremur þrepum á skjánum. Minnkið eða aukið við hraðann með því að ýta á SPEED hnappinn.
4. Efnið og saumataeknin sem valin var á saumaráðgjafanum.
5. Tvinnaspenna sem mælt er með að nota fyrir viðkomandi efni og saum.
6. Valinn saumur bæði sýndur sem slíkur og einnig með númeri.
7. Sporlengd. Hægt að lengja eða stytta með því að ýta á + eða - hnappana fyrir sporlengdina.
8. Nálarstaðan er sýnd í stað saumbeiddar þegar beinn saumur er valinn. Færið nálarstöðuna til með því að ýta á - eða + hnappana fyrir saumbreiddina.
9. Gefur til kynna að hliðarspeglunar aðgerðin hefur verið gerð virk.
10. Þegar saumuð eru hnappagöt þrep fyrir þrep eða þegar verið er að stoppa í þá er afturábak táknið sýnt til að minna á að það þarf að ýta á afturábak hnappinn þegar leggur hnappagatsins eða stoppsporið er komið í hentuga lengd.
11. Sporþéttleiki er sýndur í stað sporlengdar þegar verið er að sauma hnappagat, heftingu, ístopp, eða þegar verið er að sauma flatsaum og ýtt hefur verið á hnappinn "önnur sýn". Minnkið eða aukið sporþéttleikann með því að ýta á - eða + hnappana fyrir sporlengdina.
12. Saumbreidd. Minnkið eða aukið saumbreiddina með - eða + hnöppunum fyrir saumbreidd.
13. Hnappagatastærð er gefin upp hér þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum. Stillið stærðina með því að ýta á örvahnappana upp eða niður.
14. Mælt með að undirlegg sé notað undir efnið.
15. Táknid fyrir flytjarann er sýnt þegar mælt er með því að hann sé tekinn úr sambandi eins og á frihendissaum og töluáfestingu.
16. Stillið fjölda spora sem sauma á til að festa viðkomandi tölu og gerið það með örvartökkunum upp eða niður.
17. Mælt er með því að nota plötuna til að búa til háls á töluna. Setjið þynnri endann á plötunni undir töluna þegar saumað er á þunn efni, en notið þykkari endann fyrir grófari efni.







ATH: Þegar sjálfgefin gildi eru sýnd fyrir sporlengd/beidd/þéttleika eða nálarstöðu eru þau sýnd með svörtum stöfum. Ef þið breytið þessum sjálfgefnum gildum þá verða þau sýnd hvít á svörtum fleti.

Saumaaðgerð, 850

Saumaaðgerðin er það fyrsta sem kemur á skjáinn eftir að kveikt er á vélinni. Hér eru allar grunnupplýsingar sem þörf er á til að byrja að sauma. Þetta er einnig valmyndin þar sem þið breytið stillingunum fyrir sauminn. Beinn saumur er alltaf sjálfgefið val.

1. Nál sem mælt er með fyrir valið efni.
2. Saumfótur sem mælt er með fyrir valinn saum.
3. Saumhraðiinn er gefinn upp í þremur þrepum sem sýnd eru á skjánum. Minnkið eða aukið hraðann með því að ýta á SPEED hnappana.
4. Efnið og saumataeknin sem valin var í saumaráðgjafanum.
5. Tvinnaspenna sem mælt er með fyrir valið efni og saum.
6. Valinn saumur sýndur bæði með mynd og númeri.
7. Sporlengd. Minnkið eða aukið sporlengdina með - eða + hnöppunum fyrir sporlengd.
8. Nálarstaða er sýnd í stað saumbreiddar þegar beinn saumur hefur verið valinn. Hægt er að breyta nálarstöðunni með því að ýta á - eða + hnappana fyrir saumbreidd.
9. Gefur til kynna að hliðarspeglun er virk.
10. Þegar verið er að sauma hnappagat þrep fyrir þrep eða verið að stoppa í, er afturábak táknið sýnt til að minna á að nauðynlegt er að ýta á afturábak hnappinn þegar leggir hnappagatsins eða lengd ístoppsins eru orðin nógu löng.
11. Sporþéttleikinn er sýndur í stað sporlengdar þegar verið er að sauma hnappagat, heftingu eða ístopp eða þegar verið er að sauma flatsaum og "önnur sýn" er virk. Minnkið eða aukið sporþéttleikann með því að ýta á - eða + hnappana fyrir sporlengd.
12. Saumbeidd. Minnkið eða aukið saumbreiddina með því að ýta á - eða + hnappana fyrir saumbreidd.
13. Stærð hnappagata er sýnd hér þegar verið er að sauma með hnappagatafætinum með nemanum. Stíllíð stærðina á tölunni með því að ýta á örvahnappana upp eða niður.
14. Mælt er með því að nota undirlegg undir efnið.
15. Tákn til að taka flytjarann úr sambandi er sýnt þegar verið er að sauma frihendis eða við töluáfestingu.
16. Stíllíð fjölda spora sem nota á við að festa viðkomandi tölu og notið örvahnappana upp eða niður.
17. Hér er mælt með því að nota aukaplötuna til að búa til háls undir tölurnar. Setjið aukaplötuna undir töluna sem verið er að festa. Notið þynnri endann þegar verið er að sauma þynnri efni, en þykkari endann þegar um þykkari efni er að ræða.

ATH: Þegar gildi fyrir sporlengd/breidd/þéttleika eða nálarstöðu eru sjálfgjafið gildi eru þau svört, en þegar þeim hefur verið breytt eru þau hvít á svörtum fleti.



Saumur valinn




Ýtið á hnappinn fyrir saumavalmyndina til að velja sauma. Notið örvahnappana til að fletta á milli valmynda:

1. nytjasaumar, 2. bútaumar, 3. Flatsaumar og aldamóta-saumar, 4. skrautsaumar og “mínir saumar”. Nafn og númer viðkomandi valmyndar eru sýnd neðst á skjánum. Þegar þið hafið valið viðkomandi valmynd, notið þið hnappana fyrir saumavalið og ýtið á númer þess saums sem nota á. Eða ýtið á OK ef fyrsti saumurinn í valmyndinni er sá sem þið ætlið að nota. (saumur nr. 10).

Saumar 0-9 eru þeir sömu í öllum valmyndunum. Ef þið ýtið á einhvern af hnöppunum 0 til 9 einu sinni, þá veljið þið þann saum sem sýndur er strax, í hvaða valmynd sem þið eruð í.

Með því að velja tvo stafi snögg í röð er hægt að velja sauma á milli 10 og upp úr í viðkomandi valmynd. Ef valið númer er ekki til í viðkomandi valmynd heyrir þið hljóðmerki og vélin hefur þá valið saum sem fyrri stafurinn er fyrir.

Viðkomandi valmynd, saumurinn og númerið á honum koma öll á skjáinn í saumaaðgerð. Til að velja annan saum úr sömu valmynd er nóg að stimpla inn númer hans. Notið vinstri eða hægri örvahnappana til að færa ykkur saum fyrir saum í númeraröð. Til að velja saum í annarri valmynd verður fyrst að skipta um valmynd og síðan að velja sauminn.



Stafróf valið




Ýtið á hnappinn til að velja valmyndina fyrir stafróf til að opna fyrir valmöguleikana. Notið örvahnappana til að velja á milli stafrófsgerðanna:

830: Blokk, Cyrillic stafróf, Hiragana stafróf

850: Blokk, Brush Line, Cyrillic stafróf, Hiragana stafróf

Ýtið á OK hnappinn. Það opnar sjálfkrafa fyrir aðgerðina til að forrita stafina.




850, Font Menu

Forritun



Forritunar aðgerðin í vélinni gerir kleift að hanna eigin sauma og blanda saman saumum og stöfum í saumaraðir. Hægt er að blanda saman allt að 40 saumum og stöfum í sömu forritun. Vistið síðan slíka sauma í “mínum saumum”, því þá getið þið kallað þá fram hvenær sem er.

Hægt er að blanda saman öllum saumum í vélinni fyrir utan hnappagöt, ístopp, töluáfestingu og heftingar.



Forritunaraðgerð

Hannið saumaröð

1. Ýtið á PROG hnappinn til að opna aðgerðina fyrir forritun.
2. Sauma valmyndin sem var fyrir hendi verður áfram þegar farið er í forritunar aðgerðina. Til að breyta um sauma valmynd, ýtið þið á hnappinn fyrir saumavalmyndirnar og veljið aðra valmynd með örvahnöppunum.
3. Ýtið á númer þess saums sem þið ætlið að nota og saumurinn kemur upp í forritunar aðgerðina.
4. Ýtið á númer næsta saums sem nota á og hann kemur þá hægra megin við síðasta saum.

ATH: Tvö númer eru nú sýnd fyrir ofan saumana á vinstri helming skjásins. Fyrsta númerið er staðsetning saumsins í röðinni. Seinna númerið sem er í sviga sýnir heildarfölda sauma í röðinni.



4.

Bætið stöfum við

5. Ýtið á hnappinn fyrir stafrófin og notið örvahnappana til að velja stafagerð og ýtið síðan á OK. Vélin sýnir nú stafróf í hástöfum og í forritunar aðgerð.
6. Notið örvahnappana til að velja staf og ýtið síðan á OK til að bæta honum inn í forritið eða röðina.
7. Til að breyta yfir í lágstafi eða númer ýtið þið á “Shift” hnappinn.



6.

Um forritun á stöfum

Bæði hástafir og lágstafir eru saumaðir með 7 mm saumbreidd. Ef um stafi í forritinu er að ræða sem fara niður fyrir línuna (t.d. g,j,p,y) minnkar hæð hástafanna.

Allir textar sem sauma á í sömu flík eða efni ættu að vera í sama forritinu til að tryggja að stafirnir séu saumaðir í sömu hæð.

Til dæmis ættu nafn og heimilisfang að vera í sama forritinu og með STOP á eftir nafninu.

Husqvarna VIKING

Husqvarna og VIKING hafa verið forrituð sérstaklega.

Husqvarna VIKING

Husqvarna og VIKING eru úr sama forritinu.

Bæta saumum eða stöfum á öðrum stöðum

Ef þið viljið bæta saum eða staf inn á öðrum stað í saumaröðinni, færið þið bendilinn með því að nota örvahnappana. Saumnum eða stafnum er bætt inn hægra megin við bendilinn.

ATH: Þegar verið er að forrita stafi, ýtið þá á örvahnappinn niður til að gera bendilinn virkan í mynsturforritinu í stað stafaforrísins

Bætið sama saum inn nokkrum sinnum

Ef þið viljið bæta sama saum eða mynstri inn á nokkrum stöðum í röðinni getið þið einfaldlega ýtt á OK hnappinn strax eftir að fyrsti saumurinn hefur komið á skjáinn. Sama saum er þá bætt inn í hvert sinn sem ýtt er á OK.

Þið getið einnig fært bendilinn til að velja annan saum og ýta á OK hnappinn. Valdi saumurinn kemur þá inn einu sinni enn hægra megin við valinn saum.

Saumum eða stöfum eytt

Til að eyða saum í saumaröð, er viðkomandi saumur valinn með því að færa bendilinn með örvahnöppunum og ýta síðan á Clear" (CLR) hnappinn.

Til að eyða allri saumaröðinni, er bendillinn færður á fyrsta sauminn og síðan er ýtt á Clear" (CLR) hnappinn. Sprettigluggi kemur á skjáinn og biður um staðfestingu á því að eyða skuli röðinni. Veljið Já eða Nei með örvahnöppunum og ýtið síðan á OK.

Skipunum bætt inn

Hægt er að bæta skipununum FIX og STOP inn í forrituðu röðina. Hver skipun tekur upp eitt minnispláss í forritinu.

Ef "autofix" hefur verið gert virkt á vélinni þá þarf ekki að setja inn FIX í byrjun raðarinnar.

Tvær saumaraðir sameinaðar í eina

Þið getið bætt áður vistaðri saumaröð við nýja röð þegar þið eruð í forritunar aðgerð. Ýtið á hnappinn fyrir sauma valmyndina, veljið “mínir saumar” og saumaröðina sem þið viljið bæta inn í eða við. Ýtið á OK og saumaröðinni verður bætt inn í þá röð sem þið eruð að búa til í forritunar aðgerð og þá hægra megin við staðsetningu bendilsins.

Einum saum eða staf breytt

Til að laga stillingar á einum saum í saumaröð verður að velja viðkomandi saum í forritunar aðgerð. Þið getið þá breytt saumbreiddinni, þéttleikanum eða speglað viðkomandi saum.



Bæta við skipun



Einn saumur eða stafur leiðrétur

Breyting á allri saumaröðinni

Stillingar sem hafa áhrif á alla saumaröðina en ekki bara á einn saum í henni eru gerðar í sauma aðgerð. Ýtið á PROG hnappinn til að yfirgefa forritunar aðgerðina og fara yfir í sauma aðgerð. Í sauma aðgerð er hægt að stilla breidd og lengd eða spegla alla röðina.


Það eru nokkur atriði sem nauðsynlegt er að vita um þegar saumaröðinni er breytt í sauma aðgerð:

Stillingar sem gerðar eru í sauma aðgerð er ekki hægt að færa aftur yfir í forritunar aðgerð. Ef þið hafið gert breytingar í sauma aðgerð og ýtið á PROG hnappinn til að fara aftur yfir í forritunar aðgerð, verða breytingarnar afturkallaðar. Það sama gerist ef þið hlaðið vistaðri röð úr “mínum saumum” í forritunar aðgerð.

Prufusaumið saumaröðina

Þegar forritun er lokið ýtið þá á “mínir saumar” til að vista hana (sjá næstu bls.) eða, ef þið eruð enn í forritunar aðgerð ýtið þá á PROG hnappinn eða stígið á fótmótstöðuna til að fara yfir í sauma aðgerð.

Þegar þið eruð komin í sauma aðgerð og stígið á fótmótstöðuna, saumar vélin saumaröðina. Saumaröðin saumast endalaust ef þið hafið ekki forritað STOP í lok hennar. Ýtið á STOP hnappinn ef þið viljið sauma röðina aðeins einu sinni.



Sauma aðgerð

Valmyndin “mínir saumar”



Mínir saumar eru ykkar eigin persónulegu saumar sem þið getið vistað og kallað fram, svo og uppáhalds saumar með persónulegu ívafi.

Vélin Sapphire 830 er með 10 minni og Sapphire 850 vélin er með 15 minni.

Hvert minni hefur hámarks svæði fyrir 40 sauma.

Vistið saum eða saumaröð


Ýtið á hnappinn “mínir saumar” úr forritunar eða sauma aðgerð. Það opnar valmyndina “mínir saumar”. Veljið autt minni með því að ýta á upp eða niður örvahnappana. Staðfestið valið með því að ýta á OK hnappinn. Ef valið minni er ekki tóm, kemur sprettigluggi upp og spyr hvort þið viljið forrita yfir það sem er í minninu. Veljið já eða nei með örvahnöppunum og ýtið á OK hnappinn. Ýtið aftur á hnappinn “mínir saumar” til að fara aftur í sauma eða forritunar aðgerð.

Vistað mynstur eða röð kölluð fram

Til að kalla fram einstakan saum eða saumaröð úr “mínum saumum” er ýtt á hnappinn fyrir sauma valmyndina og opnið síðan valmyndina fyrir “mína sauma”. Notið örvarhnappana til að velja sauminn eða saumaröðina og ýtið á OK. Saumurinn eða saumaröðin koma á skjáinn í saumaaðgerð og eru tilbúin að saumast.

Vistuðu mynstri eða saumaröð eytt

Til að eyða saum eða saumaröð úr “mínum saumum”, er ýtt á “Clear” (CLR) hnappinn þegar viðkomandi saumur eða röð hafa verið valin. Sprettigluggi kemur upp og beðið er um staðfestingu á því hvort eyða eigi. Veljið já eða nei með örvarhnöppunum og ýtið síðan á OK. Ýtið aftur á hnappinn “mínir saumar” til að fara aftur í fyrri valmynd.



SET valmyndin



Þið getið breytt sjálfgefnum stillingum og gert handvirkar breytingar á sjálfvirkum aðgerðum vélarinnar í SET valmyndinni. Opnið valmyndina með því að ýta á SET hnappinn og veljið þá stillingu sem þið viljið breyta með því að ýta á örvahnappana upp eða niður. Til að gera aðgerðina virka notið þið vinstri/hægri örvunar til að setja X í gluggann. Til að afturkalla eða hætta við aðgerðina notið þið vinstri/hægri örvunar til að yfirgefa gluggann og skilja hann eftir auðan. Ýtið á SET valmyndarhnappinn á ný til að yfirgefa SET valmyndina

Þrýstingur á saumfót

Sjálfvirka stillingin fyrir þrýstinginn á saumfótinn er reiknaður út frá því hvaða efni þið völduð í saumaráðgjafanum. Notið vinstri/hægri örvahnappana ef þið viljið breyta stillingu á völdum saum. Hægt er að stilla gildin á milli 0 og 9 í 0,5 þrepum. Þessi handvirka stilling afturkallast síðan um leið og annar saumur er valinn eða ef slökkt er á vélinni.

ATH: Þar sem stilling á fótþrýsting á eingöngu við valinn saum þá er ekki hægt að stilla hann á forrituðum mynstrum eða saumaröðum.

Snúningshæð

Ef fríhendis flot á saumfæti (Free Motion Floating) er virkt er hægt að stilla hæðina á flothæð saumfótsins, þ.e.a.s. hvað hann á að lyftast hátt þegar þið viljið snúa efninu. Hægt er að hækka eða lækka þessa hæð í 15 þrepum með því að ýta á vinstri/hægri örvahnappana.

Sjálfvirk fótlyfting

Notið vinstri/hægri örvahnappana til að slökkva á sjálfkrafa fótlyftingunni þegar vélin stöðvast með nálina niðri. Stillingin fer í sjálfgefna stillingu þegar slökkt verður á vélinni.

FIX sjálfvirkt

Notið vinstri/hægri örvahnappana til að slökkva á sjálfvirku FIX aðgerðinni í byrjun hvers saums. Þessi stilling helst þótt slökkt verði á vélinni.

Tvíburanálar

Ef þið ætlið að nota tvíburanálar er nauðsynlegt að stimpla inn millibilið á milli nálanna til að takmarka hliðarhreyfingu nálanna svo þær lendi ekki í hliðum stingplötugatsins og brotni. Notið vinstri/hægri örvahnappana til að gefa upp millibilið. Þessi stilling geymist jafnvel þótt slökkt verði á vélinni. Sprettigluggi minnir ykkur á þessa stillingu þegar þið kveikið aftur á vélinni. Lokið þeim glugga með því að ýta á OK.

ATH: Þið getið ekki stillt millibilið á tvíburanálunum ef öryggið fyrir saumbreiddina er virkt eða gert öryggið virkt ef þið hafið gefið upp nálamillibil á tvíburanál.

Machine settings	
P- foot pressure.	6.0
Sensor Foot auto	☒
FIX Auto	☒
Twin needle	1.6 mm ☐
Stitch width safety	☐
FreeM Floating	☐
FreeM Spring Action	☐

Machine settings	
Pivot height	4
Sensor Foot auto	☒
FIX Auto	☒
Twin needle	1.6 mm ☐
Stitch width safety	☐
FreeM Floating	☒
FreeM Spring Action	☐

Öryggi fyrir saumbreidd

Notið vinstri/hægri örvahnappana til að kveikja á örygginu fyrir saumbreiddina þegar þið eruð að nota stingplötu sem er eingöngu með kringlóttu gati eða saumfót sem er eingöngu fyrir beinan saum. Sporbreiddin er þá stillt á 0 fyrir alla sauma til að forða skemmd á nálinni, saumfætinum eða stingplötunni. Þessi stilling er einnig geymd þótt slökkt verði á vélinni. Sprettigluggi minnir ykkur á þessa stillingu þegar kveikt er á vélinni á ný. Lokið honum með því að ýta á OK.



Fríhendis flotstaða*

Þegar sauma á fríhendis með útsaums/ístoppsfætinum R sem fylgir með vélinni eða með aukalega fáanlega fríhendis fljótandi saumfætinum er vélin stillt á fríhendis flotstöðu. Ráðleggingin um að taka flytjarann úr sambandi er einnig gerð virk. Þessi stilling verður áfram þótt slökkt verði á vélinni. Sprettigluggi minnir ykkur á stillinguna þegar kveikt er á vélinni á ný. Lokið glugganum með því að ýta á OK.

Fríhendis fjaðrandi aðgerð**

Ef þið eruð að nota einhvern af aukalegu fjaðrandi saumfótunum fyrir fríhendis sauma er nauðsynlegt að stilla vélina á fríhendis fjaðrandi aðgerð. Ráðleggingin um að taka flytjarann úr sambandi er einnig gerð virk. Sprettigluggi minnir ykkur á stillinguna þegar kveikt er á vélinni á ný. Lokið glugganum með því að ýta á OK.

Hljóðviðvörðun

Hægt er að kveikja á eða slökkva á öllum hljóðviðvörðunum vélarinnar. Sjálfgefin stilling er að kveikt er á þeim. Stillingin verður virk, jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

Birtuskil á skjánum

Hægt er að stilla birtuskilin á skjánum með vinstri/hægri örvahnöppunum. Gildin sem um ræður eru frá -20 og að 20 í þrepum upp á 1. Þessi gildi geymast þótt slökkt verði á vélinni.

Tungumál

Notið vinstri/hægri örvahnappana til að skipta um tungumál í vélinni. Það tungumál sem valið er helst í vélinni þótt slökkt verði á henni. Vélar fyrir hin ýmsu svæði í heiminum koma með mismunandi tungumálum. Því miður er okkar markaður svo lítil að við fáum Íslenskuna ekki í vélarnar.

Útgáfa af hugbúnaði

Hér er hægt að sjá hvaða útgáfa af hugbúnaði er í ykkar vél.

*Free Motion Floating

When you are sewing free motion in low speed the foot will raise and lower with each stitch to hold the fabric on the stitch plate while the stitch is being formed. When sewing in high speed, the foot floats over the fabric while sewing. The feed teeth must be lowered and the fabric is moved manually. All stitches can be sewn in free motion mode.


**Free Motion Spring Action

The Free Motion Spring Action presser foot follows the up and down movement of the needle with help of the spring and the arm on the presser foot. The feed teeth must be lowered and the fabric is moved manually. It is recommended to turn on the Stitch Width Safety for the presser feet that are only intended for straight stitch sewing.

Skilaboð í sprettigluggum

Spólun í sambandi

Þessi skilaboð koma þegar spólaranum hefur verið ýtt til hægri og spólun gerð virk.




Saumfótur of hár

Vélin saumar ekki ef of þykkt efni er undir saumfætinum. Fjarlægjið hluta af efninu eða notið annað efni. Ýtið á OK hnappinn eða snertið fótmótstöðuna til að loka glugganum.




Vélin stillt fyrir tvíburanál

Ef þið hafið stillt vélina fyrir tvíburanál í SET valmyndinni, koma fram skilaboð um að vélin sé stillt þannig þegar kveikt er á henni á ný. Ýtið á OK hnappinn eða snertið fóstmótstöðuna til að loka glugganum.



Sporbreidd takmörkuð fyrir tvíburanál

Þessi skilaboð eru sýnd þegar vélin hefur verið stillt fyrir tvíburanál og saumur er valinn. Það gefur til kynna að saumbeiddin er takmörkuð. Þið fáið einnig þessi skilaboð þegar vélin er stillt fyrir tvíburanál og þið reynið að stilla saumbeiddina á breiðari saum en hægt er að sauma með tvíburanálinni. Lokið glugganum með því að ýta á OK.




Vélin stillt fyrir beinan saum eingöngu

Þessi skilaboð koma þegar öryggið fyrir saumbeiddina er á og þið:

- kveikið á vélinni,
- veljið saum sem er breiðari en 0 mm,
- reynið að stilla saumbeiddina.

Lokið glugganum með því að ýta á OK hnappinn.



Ekki hægt að sauma þennan saum með tvíburanál

Þessi skilaboð koma fram þegar vélin er stillt fyrir tvíburanál og þið veljið saum t.d. fyrir töluáfestingu nr. 9. Ýtið á OK hnappinn til að loka glugganum.



Byrja aftur á hnappagatinu?

Ef þið eruð að sauma hnappagat og stoppið til að breyta stillingum þá kemur þessi spurning upp þegar byrjað er að sauma á ný. Ef þið veljið "yes", byrjar vélina á ný og saumar hnappagatið frá upphafi með þessum breyttu stillingum. Ef þið veljið "No", saumar vélina það sem eftir er af hnappagatinu með þessum breyttu stillingum. Notið örvarhnappana til að velja "Yes" eða "No" og ýtið síðan á OK hnappinn.




Hnappagatafóturinn með nema - "Stillið hvíta svæðið á móts við hvítu línuna"

Þegar þið setjið efni undir hnappagatafótinn með nemanum, getur komið fyrir að hjólið á fætinum hreyfist til. Skilaboðin ítreka við ykkur að stilla hvíta svæðið á móts við hvítu línuna. Aðgætið þetta og lokið glugganum síðan með því að ýta á OK hnappinn.



Hnappagatafóturinn með nemanum tengdur

Hnappagatafótinn með nemanum er eingöngu hægt að nota fyrir hnappagöt sem mælt er með fyrir hann. Ef fóturinn er tengdur og þið veljið saum sem ekki er fyrir þennan fót þá koma þessi skilaboð upp. Fjarlægið fótinn eða veljið hnappagat sem hægt er að sauma með fætinum. Lokið glugganum með því að ýta á OK hnappinn.




Vélin stillt fyrir fríhendis saum

Þessi skilaboð koma fram þegar vélina er stillt fyrir fríhendis saum eða fríhendis fjaðrandi saum og þið kveikið á vélinni. Lokið glugganum með því að ýta á OK hnappinn.



Yfirálag á aðalmótor

Ef þið eruð að sauma mjög þykk og þétt efni eða ef eitthvað er sem hindrar vélina í að ganga létt og auðveldlega getur komið fyrir að aðalmótorinn hitni of mikið. Þessi gluggi lokast sjálfkrafa þegar aðalmótorinn hefur kólnað niður.



Ekki er hægt að forrita sauminn eða sporið

Þetta skilaboð kemur upp ef þið t.d. reynið að setja hnappagat, heftingu eða töluáfestingu í saumaröðina. Allir saumar í vélinni eru forritanlegir nema þessir þrír. Lokið glugganum með því að ýta á OK hnappinn.

The stitch cannot
be programmed

OK

Ekki er hægt að vista þennan saum

Þetta skilaboð kemur upp ef þið reynið að vista hnappagat, heftingu, ístopp eða töluáfestingu í "mína sauma". Hægt er að vista alla sauma í "mína sauma" nema þessa. Lokið glugganum með því að ýta á OK hnappinn.

The stitch cannot
be saved

OK

Saumaröðin of löng til að bæta við fleiri saumum

Ef þið reynið að setja fleiri en 40 sauma eða stafi í sömu saumaröðina koma þessi skilaboð upp. Lokið glugganum með því að ýta á OK hnappinn.

ATH: Ef þið bætið FIX eða STOP í saumaröðina þá nota þau hvort um sig eitt minnisbil í röðinni.

Program too long to
add more stitches

OK

Sambland af skipunum er ekki rétt

Ef þið eruð að forrita saumaröð og reynið að setja einhverjar af STOP eða FIX skipunum inn í röðina þar sem það er ekki hægt eða leyfilegt, koma þessi skilaboð upp. Lokið glugganum með OK hnappnum.

The combination of
commands is incorrect

OK

Skipanir fjarlægðar úr saumaröð

Ef þið reynið að setja áður vistaða saumaröð inn í nýja saumaröð getur verið að skipanir í röðinni séu á þann veg að það sé ekki leyft. Til að koma í veg fyrir þetta er best að fjarlægja skipanir úr saumaröðinni. Lokið glugganum síðan með OK hnappnum.

Commands removed
from program

OK

Saumaráðgjafinn - aðeins hjá Husqvarna

Saumavélin hefur innbyggðan þennan einstaka Husqvarna saumaráðgjafa. Saumaráðgjafinn velur ávallt besta sauminn, sporlengdina, sporbreiddina, saumhraða og þrýsting á saumfót fyrir efnið sem sauma á. Saumurinn er sýndur á skjánum ásamt saumfæti, ráðlagðri tvinnaspennu og þeirri nál sem mælt er með að nota.

Ýtið á hnappana fyrir gerð efnis og saumatækni sem nota á.

Val á efni



PUNN OFIN: chiffon, organza, batist, silki, ull, challis, o.s.frv..



MEDAL OFIN: calico, bútasaumsefni, ullarkrep, broadcloth, o.s.frv.



ÞYKK OFIN: denim, fataefni úr ull og kápuefni, segldúkur, terrycloth, quilt layers with batting, etc.



PUNN TEYGJANLEG: undirfataefni, nylon, trikot, einfalt prjónað jersey, o.s.frv.




MEDAL TEYGJANLEG: tvöfalt prjón, velúr, sundfatnaður, o.s.frv.




ÞYKK TEYGJANLEG: prjónaðar peysur, flís, o.s.frv..



LEÐUR OG VINYL: rúskinn, leður, vinyl og gerfileður.



Ofin efni



Prjónuð efni

2

Saumatækni



SAUMA: saumar tvö efni saman.



KASTA JAÐRA: Ganga frá jöðrum þannig að ekki rakni úr þeim og að þeir liggi flatir.



SAUMA/KASTA JAÐRA: saumar efnin saman og kastar jaðrana um leið.



ÞRÆDISPOR: bráðabirgðasaumur til að þræða efni saman til mátunar, rykkingar eða til merkinga. Saumaráðgjafinn stillir sjálfkrafa á mjög langt spor og losar á tvinnaspennunni þannig að auðvelt verði að fjarlægja tvinnann á eftir, eða til að toga efnin saman ef um rykkingu er að ræða.



BLINDFALDUR: fyrir ósýnilegan fald á flíkur. Við ráðleggjum hann ekki á þunn efni eða fyrir leður og vinyl.



FALDUR: velur besta sjáanlega sauminn fyrir það efni sem þið hafið valið.

ATH: Ef óheppileg samblanda af saum og efni er valin (t.d. þunn ofin efni og blindfaldur), gefur vélin frá sér hljóðmerki og ekkert hefur verið valið.

Saumað

Saumur er það þegar tvö eða fleiri lög eru saumuð saman og þá með saumfari, sem oftast er síðan straujað út. Í flestum tilfellum eru jaðrar efnanna í saumfarinu kastaðir með overlocksaum áður en efnin eru saumuð saman.

Saumar á teygjaleg efni verða að teygjast eins og efnin sjálf. Teygjanlegu saumarnir í vélinni henta vel fyrir efni sem teygjast.


1:1 Beinn saumur

Efni: ofin meðalþykk, tvö lög.

Veljið: Ofin meðalþykk efni og sem saumataækni (saumaráðgjafinn velur beinan saum).

Notið: Saumfót A, mælt er með nál í grófleika 80.

Látið jaðar efnisins renna meðfram 15 mm jaðarstýringunni.




1:2 Teygjanlegur saumur

Efni: Teygjanlegt þunnt efni, tvö lög.

Veljið: Teygjanleg þunn efni og saumataækni (Saumaráðgjafinn velur teygjanlegan saum).

Notið: Saumfót A, mælt er með "stretch" nál í grófleika 75.

Látið jaðar efnisins renna meðfram 10 mm jaðarstýringunni.



Jaðar kastaður

Þriggja þrepa zik zak sporið er hægt að hafa allt að 6 mm á beidd og það hentar fyrir öll efni. Notið þetta spor til að kasta jaðra, sauma efni saman jaðar við jaðar, gera við rifur og annan slíkan frágang.

Notið jaðarfót J þegar þið kastið jaðra.


1:13 Þriggja þrepa zik zak

Efni: Allar gerðir af efnum.

Veljið: Það efni sem þið eruð að sauma og saumatækni fyrir að kasta jaðra (saumaráðgjafinn velur þriggja þrepa zik zak).

Notið: Saumfót J og þá nál sem mælt er með fyrir efnið.

Látið tána á saumfætinum stýra efninu eins og sýnt er á myndinni.



Saumað og jaðar kastaður um leið

Saumur og jaðarsaumur saumar efnin saman og gengur frá jaðrinum á báðum efnunum í einum saum. Um er að ræða nokkra slíka sauma í vélinni og einhver af þeim hentar örugglega því sem þið þurfið að gera.

1:7 Saumur fyrir kastaðan jaðar

Efni: Teygjanlegt þunnt eða ofið meðalþykkt, tvö lög.

Veljið: Teygjanlegt þunnt eða ofið þunnt/meðal og saumatækni til að sauma saman og kasta jaðar um leið (saumaráðgjafinn velur saum til að kasta jaðar).

Notið: Saumfót J og þá nál sem mælt er með fyrir efnið.

Látið tána á saumfætinum stýra efninu eins og sýnt er á myndinni.




1:8 Teygjanlegur saumur fyrir kastaðan jaðar

Efni: Teygjanlegt þykkt, tvö lög.

Veljið: Teygjanlegt þykkt og saumatækni fyrir saum og kastaðan jaðar (saumaráðgjafinn velur saum fyrir kastaðan jaðar).

Notið: Saumfót B og "stretch" nál nr. 90 eins og mælt er með.




1:10 Tvöfaldur kastsaumur

Efni: Ofið gróft, tvö lög.

Veljið: Ofin þykk og kastsaums-tækni (saumaráðgjafinn velur tvöfalda kastsauminn).

Notið: Saumfót B og nál nr. 80 eins og mælt er með.



Ístopp og bætur

Að stoppa í lítið gat eða gera við rifu áður en þau verða stærri getur bjargað flíkinni. Notið fínan tvinna í eins líkum lit og flíkin.


1. Setjið efnið á sinn stað undir saumfótinn.
2. Lækkið saumfótinn og stígið á fótmótstöðuna. Byrjið að sauma fyrir aftan gatið og yfir það.
3. Þegar komið er fram yfir gatið ýtið þið á afturábakhnappinn. Vélin saumar nú 14 sinnum fram og til baka yfir gatið og stöðvast síðan.
4. Til að endurtaka þennan sama saum í sömu stærð ýtið þið á STOP hnappinn. Færið efnið aðeins til og stígið síðan á fótmótstöðuna og endurtakið sauminn. Vélin saumar nú nákvæmlega sama ístopps ferninginn. Vélin stöðvast sjálfkrafa að saum loknum.

1:21 Ístopps saumur

Efni: Allar gerðir af efnum.


Veljið: Efnið sem þið eruð með og saum nr. 1:21.

Notið: Saumfót A og nálina sem mælt er með fyrir það efni sem þið eruð með.



Saumaðir faldar á gróf efni

Þegar sauma þarf yfir þversauma á grófum efnum, eða þegar sauma þarf falda á gallabuxum, þá getur verið að fóturinn halli of mikið til að komast yfir þversauminn. Notið þá jöfnunarplötuna til að setja undir fótinn bæði þegar þið þurfið að sauma upp á þversauminn og einnig þegar saumað er niður af honum.



Blindfaldur

Blindfaldur er ósýnilegur faldur á flíkum. Um er að ræða tvær gerðir af slíkum földum; annar hentar vel fyrir meðalþykk teygjanleg efni, en hinn fyrir meðalþykk og þykk ofin efni.

Brjótið efnið eins og sýnt er á myndunum til hliðar. Látið síðan brotbrúnina á efninu renna meðfram innri brúninni á hægri "tánni" á blindsaumsfætinum D.

Lækkið saumfótinn og stígið á fótmótstöðuna.

Vinstra slagið á nálinni á rétt að grípa í práð í brotbrúninni.

Ef nauðsyn krefur getið þið breytt sambreiddinni þannig að nálin rétt nái að "grípa" í brotbrúnina.

ATH: Við mælum ekki með blindföldun á þynnri efni eða fyrir leður og vinyl. Ef þið veljið blindfald og síðan þunn ofin eða þunn teygjanleg efni þá gefur vélin frá sér hljóðmerki og valkosturinn er afturkallaður.




1:16 Teygjalegt blindföldunarspor

1:17 Blindföldunarspor fyrir ofin efni.

Efni: Meðal eð gróf teygjanleg efni eða meðal og gróf ofin efni.

Veljið: Efnið sem þið eruð að sauma og blindfaldstæknina sem nota á (saumaráðgjafinn velur blindsauma nr. 1:16 eða 1:17).

Notið: Blindsaumsfót D og nálina sem mælt er með fyrir efnið ykkar.



Teygjanleg meðal og gróf efni

Ofin meðal eða þykk efni

Hnappagöt

Hnappagötin í saumavélinni eru hönnuð fyrir mismunandi efni og flíkur. Flettið á saumatöfluna á síðustu blaðsíðunum í þessum leiðarvísi til að skoða lýsingar af hnappagötunum.

Saumaráðgjafinn velur hentugasta hnappagatið og stillingar fyrir efnið sem þið eruð með. Það ætti ávallt að leggja undirlegg undir efnið eða á milli laga á efnum þegar verið er að sauma hnappagöt.

Sjálfvirk hnappagöt með hnappagatafætinum með nemanum

Þegar þið veljið hnappagat þegar hnappagatafóturinn með nemanum er tengdur við vélina, getið þið stillt stærðina á því á skjánum með örvahnöppunum upp og niður. Þegar vélin svo saumar hnappagatið saumar hún það nógu langt til að það henti þeirri stærð af tölu sem þið gáfuð upp. Þessi hnappagatafótur mælir lengd gatsins um leið og vélin saumar, og þá verða öll hnappagötin nákvæmlega eins.

ATH: Stærð á hnappagötum þarf að vera mismunandi eftir þykkt tölunnar sem á að nota og því er ráðlegt að sauma ávallt prufuhnappagat á afgangsbút af samskonar efni.




1. Setjið hnappagatafóttinn með nemanum á vélina.
2. Tengid snúruna við tengilinn fyrir ofan nálarvæðið fyrir aftan ljósið.
3. Mælið þvermál tölunnar og notið til þess tölu mælistikuna framan á vélinni.
4. Notið örvahnappana upp og niður til að stilla inn stærð tölunnar á skjáinn. Hægt er að stilla allt upp í 50 mm.
5. Setjið efnið og undirleggið undir hnappagatafóttinn með nemanum. Hægt er að lyfta mælihjólinu til að auðveldara sé að koma efninu undir fóttinn. Notið merkin á vinstri tá fótarins til að staðsetja brún efnisins. Hafið brúnina við miðmerkið til að hafa 15 mm fjarlægð frá jaðrinum að hnappagatinu.
6. Áður en þið byrjið að sauma látið þið hvíta flötinn á rauða hjólinu vera á móts við hvítu línuna á fætinum.
7. Stigið á fótmótstöðuna og við það fer hnappagatafóturinn sjálfkrafa niður. Vélina saumar nú beint spor frá ykkur til að styrkja vinstri legginn á hnappagatinu, síðan saumar hún þéttan flatsaumslegg í áttina að ykkur. Síðan er þetta endurtekið fyrir hægri legg hnappagatsins. Heftingarnar eru einnig saumaðar sjálfvirk. Örvarnar á skjánum sýna hvaða hluta hnappagatsins er verið að sauma og í hvaða átt. Stigið alltaf á fótmótstöðuna þar til vélina er búin að sauma hnappagatið, en vélina stöðvast sjálfkrafa þegar því er lokið.

1:0, 1:23, 1:25, 1:26, 1:27 Hnappagöt

Efni: Allar gerðir efna.

Veljið: Efnið sem nota á og hnappagata-gerðina (Saumaráðgjafinn velur hnappagat sem hentar efninu).

Notið: Hnappagatafóttinn með nemanum og þá nál sem mælt er með fyrir efnið.



Hnappagöt þrep fyrir þrep

Einnig er hægt að sauma hnappagat þrep fyrir þrep án þess að hafa fótinn með nemanum tengdan. Þá notið þið afturábak hnappinn til að ákvarða lengd hnappagatsins.



1. Setjið saumfót C á vélina.
2. Setjið efnið og undirleggið undir saumfótinn. Notið merkin á vinstri tá fótarsins til að staðsetja jaðarinn. Látið jaðarinn vera á móts við mið merkið til að fjarlægðin að hnappagatinu verði 15 mm.
3. Byrjið að sauma hnappagatið. Vélin saumar nú vinstri legginn afturábak. Þegar leggurinn er orðinn hæfilega langur ýtið þið á afturábak hnappinn. Vélin saumar þá heftinguna á hnappagatinu og saumar síðan hægri legginn.
4. Saumið að byrjuninni og ýtið á afturábak hnappinn til að sauma seinni heftinguna. Stígið á fót móttstöðuna þar til vélin lýkur við hnappagatið. Vélin stöðvast sjálfkrafa þegar hnappagatið er fullsaumað.
5. Ýtið á Stop hnappinn til að endurtaka hnappagatið.

1:0, 1:23-28 Hnappagöt

Efni: Allar gerðir af efnum.

Veljið: Efnið sem þið eruð að sauma og hnappagatatæknina (saumaráðgjafinn velur hnappagat sem hentar efninu).


Notið: Saumfót C og nálina sem mælt er með að nota fyrir efnið.



Hnappagat með undirleggsþræði (teygjanleg efni)

Þegar hnappagöt eru saumuð í teygjanleg efni mælum við með því að leggja undirleggsþráð undir þau til að gera þau sterkari og til að ekki teygist á þeim.

1. Búið til lykkju á gróft garn eða perlugarn og bregðið henni um hakið sem er aftan á hnappagatafætinum með nemanum C.
2. Saumið yfir undirleggsþráðinn.
3. Stöðvið áður en þið komið að síðustu sporunum í hnappagatinu. Takið lykkjuna af hakinu og togið garnið fram á við til að taka slakann af því.
4. Krossið garnið fyrir framan nálina og saumið afganginn af hnappagatinu yfir garnið.



Töluáfesting

Festið tölur, króka, og litlar smellur á hraðvirkan og fljótlegan hátt með vélinni. Og þetta er saumur sem ekki raknar.

1. Takið saumfótinn af saumhöldunni og takið flytjarann úr sambandi.
2. Setjið efnið, e.t.v. jöfnunarplötuna og töluna undir fóthölduna og látið götin á tölunni snúa eins og nálin sveiflast. Athugið hvort talan situr rétt með því að ýta á hnappinn fyrir speglun og aðgæta að nálin rekist ekki í töluna þeim megin. Setjið nálina ofan í gatið á tölunni til að fullvissa ykkur um að svo sé.

ATH: Við mælum með saumbreidd 3,0, en hún hentar fyrir flestar tölur. Ef þið eruð að sauma mjög litlar tölur eða mjög stórar tölur gæti þurft að minnka (-) eða auka (+) sporbreiddina þannig að hliðarhreyfingar nálarinnar hitti í bæði götin.

3. Stillið fjölda spora sem þið viljið nota til að festa töluna með örvahnöppunum upp og niður. sex eða átta spor eru yfirleitt fullnægjandi.
4. Stígið á fótmótstöðuna og vélin saumar nú þann fjölda spora sem þið stilltuð á skjánum, heftir síðan fyrir og stöðvast.
5. Setjið flytjarann aftur í samband þegar þið hafið lokið við að festa allar tölur.

RÁÐ: Setjið þynnri endann á jöfnunarplötunni undir töluna þegar tölur eru festar á þynnri efni ef þið vilið fá smá háls á tölurnar, en notið þykkari endann á plötunni fyrir þykk efni. Festið plötuna með glæru límbandi.


1:9 Töluáfesting

Efni: Allar gerðir af efnum.

Veljið: Efnið sem þið eruð að sauma og sauminn nr. 1:19 fyrir töluáfestingu.

Notið: Nálina sem mælt er með fyrir efnið. Notið ekki saumfót - bara fóthölduna.

Takið flytjarann úr sambandi.



Fleiri ráð um sauma



Þið getið fundið fjöldan allan af ráðleggingum um sauma á heimasíðu Husqvarna.

Kíkið á: www.husqvarnaviking.com og farið á "Sewing, Sewing Room, Sewing Techniques".

Rennilásar saumaðir í

Hægt er að smella rennilásafætinum E bæði vinstra og hægri megin við nálin, þannig að auðvelt er að sauma báðar hliðar rennilássins í sömu átt. Eftir fyrri saum -, færið þið fótinn einfaldlega til á fóthöldunni.




Færið nálarstöðuna til vinstri eða til hægri til að sauma eins nálægt tönnum rennilássins og hægt er.



Rennilás í miðju

1. Saumið hliðar efnanna saman með 15 mm saumfari þar til þið komið að þeim stað sem rennilásinn á að vera.
2. Þræðið efnin þar sem rennilásinn á að koma og strauðið sauminn út. Setjið réttu rennilássins ofan á pressað opið saumfarið og þannig að lokaður endi hans sé þar sem saumurinn hætti. Festið hann með tituprjónum þannig að hann haldist á réttum stað.
3. Veljið beint spor og færið nálarstöðuna til vinstri. Setjið rennilásafótinn E á fóthölduna þannig að nálin sé vinstra megin í fætinum. Setjið efnið undir fótinn þannig að réttan snúi upp og rennilásafóturinn sé hægri megin við rennilásinn.
4. Byrjið að sauma þvert fyrir lásinn að neðan, snúið síðan efninu og saumið hægri hlið lássins alveg að enda.
5. Til að forðast að efnið færast til mælum við með því að sauma vinstri hliðina í sömu átt og þá fyrri. Smellið fætinum E þannig á hölduna að nálin sé nú hægri megin við fótinn og færið nálarstöðuna einnig til hægri.
6. Byrjið að sauma fyrir neðan lásinn og snúið efninu síðan og saumið nú vinstri hliðina neðan frá og upp á við.
7. Fjarlægið þræðisporin.

ATH: Til að staðsetja saumlínuna færið þið nálarstöðuna til með hnöppunum fyrir sporbreiddina.




Skipt um perur

Í saumavélinni eru tvær perur. Önnur er staðsett fremst í hausnum á vélinni og hin fyrir ofan friarminn. Notið eingöngu perur af þeirri gerð sem gefið er upp framan á vélinni (24V, 5W). Þær fást hjá viðurkenndum umboðsaðilum Husqvarna Viking. Skiptið um perur eins og lýst er hér að neðan.



Slökkvið á aðalrofanum.

- 1 Setjið peruskiptinn með dýpri holunni sem merkt er OUT, utan um peruna. Snúið perunni EKKI en togið bara í hana til að fjarlægja hana.
- 2 Þegar ný pera er sett í setjið peruna þá í grynri holuna sem merkt er IN, og setjið hana í með því að þrýsta henni á sinn stað.



Hreinsun á vélinni

Til að tryggja að vélin vinni rétt er nauðsynlegt að hreinsa hana oft. Athugið að ekki þarf að smyrja þessa vél.

Strjúkið yfirborð vélarinnar með mjúkum klút til að hreinsa óhreinindi og ló.



Slökkvið á aðalrofanum.

Hreinsað í kring um spólusvæðið

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu af spólusvæðinu. Takið flytjarann úr sambandi. Setjið skrúfjárn undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni, snúið skrúfjárninu aðeins til að smella stingplötunni af vélinni. Hreinsið flytjarann með burstanum.

Hreinsað undir spólusvæðinu

Eftir að hafa saumað í nokkurn tíma eða þegar þið takið eftir því að ló og óhreinindi hafa safnast fyrir í spólusvæðinu þarf að hreinsa það svæði.


Fjarlægið spóluhölduna (1) sem er fremri hlutinn af spóluhúsinu. Fjarlægið síðan spóluhúsið (2) með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með hreinum bursta og lítill ryksugustútur er einnig mjög góður til að ná lónni.

Setjið spóluhúsið og spóluhölduna aftur á sina staði.

ATH: Blásið ekki lofti á spólusvæðið, því þá blásið þið bara ló og ryki inn í vélina.

Stingplatan sett á

Með flytjarann úr sambandi, staðsetjið þið stingplötuna um það bil 5 mm fyrir framan aftari brúnina og þrýstið á hana. Rennið síðan lokinu á sinn stað og setjið flytjarann í samband.



Truflanir og ráð við þeim

Ef vandamál koma upp þegar verið er að sauma:

- Veljið ávallt rétta gerð og þykkt af efni í saumaráðgjafanum.
- Notið ávallt þá nál og þann grófleika sem mælt er með á skjánum.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Notið mismunandi stöður á keflispinna (lárétta eða lóðrétta).
- Notið tvinnanet og gæðatvinna. Við mælum með því að þið notið sama yfir og undirtvinna fyrir almenna sauma, en fyrir útsauma mælum við með sérstökum útsaumstvinna og finni undirtvinna á spóluna.

Ef vandamál koma upp þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum:

- Fullvissið ykkur um að hvíta svæðið á hjólinu sé á móts við hvítu línuna á fætinum.
- Fullvissið ykkur um að snúran frá fætinum sé tengd við tengilinn fyrir ofan nálar svæðið og fyrir aftan ljósið á vélinni.

Efnið rykkist?

- Veljið rétta gerð og þykkt af efni í saumaráðgjafanum.
- Athugið nálina - hún gæti verið oddlaus.
- Notið þá nál og þann grófleika sem mælt er með á skjánum.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinna.
- Skiptið um tvinna þannig að hann henti efninu og saumatakninni.
- Notið aðeins gæðatvinna.
- Styttið sporlengdina.
- Notið undirleggsefni.
- Yfirfarið tvinnaspennuna.

Vélin hleypur yfir?

- Athugið nálina - hún gæti verið skemmd.
- Notið nál af þeirri gerð og grófleika sem mælt er með.
- Fullvissið ykkur um að nálin sé rétt sett í véina.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinna.
- Notið ráðlagðan saumfót.
- Slökkvið og kveikið síðan aftur á vélinni.
- Hafið samband við umboðið.

Nálin brotnar?

- Gætið þess að toga ekki í efnið þegar verið er að sauma.
- Notið þá nál og þann grófleika sem mælt er með á skjánum.
- Setjið nálina rétt í nálarhölduna eins og lýst er í leiðarvísinum.

Léleg tvinnastilling?

- Gefið upp rétta tegund og þykkt á efni í saumaráðgjafann.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann - notið eingöngu gæðatvinna.
- Notið rétta nál og grófleika eins og gefið er upp á skjánum.
- Farið eftir leiðbeiningum um rétta tvinnaspennu.
- Farið eftir leiðbeiningum um undirleggsefni.

Yfirtvinninn slitnar?

- Rennur tvinninn mjúkt ef þið togið í hann - festist hann einhvers staðar?
- Notið tvinnanet og gæðatvinna. Ef þið eruð að nota sérstakan tvinna eins og t.d. málmpráð o.s.frv. þá farið eftir leiðbeiningum í saumabókinni um nálar.
- Endurþræðið yfir og undirtvinna - og aðgætið að rétt sé þrætt. Ef þið eruð að sauma með útsaumstvinna má ekki nota venjulegan tvinna á spóluna - þá verður að nota sérstakan fínan undirtvinna fyrir útsaum.
- Reynið aðra stöðu á keflispinnanum (lóðrétta eða lárétta).
- Er gatið á stingplötunni skemmt - skiptið þá um plötu.
- Er rétt egund af skífu fyrir framan tvinnakeflið?

Efnið færir ekki ?

- Athugið hvort flytjarinn er í sambandi.
- Aukið sporlengdina.

Undirtvinninn slitnar?

- Spólið á nýja spólu.
- Skiptið um spólu - athugið rétta þræðingu.
- Ef stingplatan er skemmd - skiptið um plötu.
- Hreinsið spólusvæðið.

Spólast ójafnt á spóluna?

- Yfirfarið þræðinguna fyrir spólun

Rangur saumur, óreglulegir eða mjóir saumar?

- Slökkvið og kveikið síðan aftur á vélinni.

- Skiptið um nál - endurþræðið bæði yfir og undirtvinna.
- Notið undirleggsefni.

Vélin saumar hægt?

- Athugið innstilltan hraða.
- Fjarlægið stingplötuna og hreinsið svæðið í kring um spóluna og flytjarann.
- Látið umboðið yfirfara vélina.

Vélin vill ekki sauma?

- Þrýstið spólaranum til vinstri í saumastöðu.
- Athugið að allir tenglar séu rétt tengdir við vélina.
- Athugið hvort rafmagn er á vegg tengli.
- Athugið hvort fótmótstaðan er tengd.

Látið fara reglulega yfir vélina hjá Husqvarna Viking umboðinu !

Ef þið hafið farið yfir þennan lista um truflanir og ráð við þeim og eigið enn við vandamál að stríða þá komið vélinni til umboðsaðilans og látið fara yfir vélina. Ef um sérstakt vandamál er að ræða þá er ávallt best að sauma það á afgangsbút og láta hann fylgja með vélinni. Slíkt sýnishorn getur oft sagt meira en þúsund orð.

Notið eingöngu upprunalega hluti og fylgihluti

Ábyrgðin á vélinni fellur niður ef notaðir eru utanaðkomandi fylgihlutir eða varahlutir.

Saumatafla - valmynd 1. Nytjasaumaraumur

Spor	Spor nr.		Nafn á saum	Saum- fótur	Notist við
	830	850			
	0	0	Hnappagat með heftingum	hnappa- gata- fótur C	Venjuleg hnappagöt fyrir flestar gerðir efna.
	1	1	Beint spor nálarstaða í miðju	A/B	Fyrir allar gerðir sauma - hægt er að velja 29 nálarstöður
	2	2	Teygjanlegt spor, sporlega til vinstri	A/B	Fyrir sauma í jersey og önnur teygjanleg efni.
	3	3	Styrkt beint spot nálarstaða í miðju	A/B	Fyrir sauma sem mikið reynir á. Prefalt og teygjalegt spor. Hentar t.d. vel í skrefsauma og einnig sem stungusaumur á sportfatnað og vinnufatnað. Lengið sporlengdina fyrir stungusauma. Hægt er að velja um 29 mismunandi nálarstöður.
	4	4	Þriggja þrepa zik zak	A/B	Fyrir viðgerðir, sauma á bætur og teygjur. Hentar vel fyrir þunn og meðalþykk efni. Veljið saum 1:13 fyrir kastsaum.
	5	5	Zik zak	A/B	Fyrir applíkeringar, sauma við blúndur, bönd o.fl. Saumbreiddin eykst jafnt til beggja hliða.
	6	6	Flatlock saumur	B	Skrautlegur saumur á falda og efni sem leggjast á mis, belti og bönd. Fyrir meðal/þykk efni.
	7	7	Kastsaumur	J	Saumið og kastið jaðar í einum saum, eða klippið umfram efnið frá seinna. Fyrir þunn venjuleg eða teygjanleg efni.
	8	8	Teygjanlegur kastsaumur	B	Saumið og kastið jaðar í einum saum, eða klippið umfram efnið frá seinna. Fyrir meðal eða meðal/þykk efni.
	9	9	Sjálfvirk töluáfesting	enginn saum- fótur	Til að festa tölur. Stillið fjölda spora á skjánum.
	10	10	Tvöfalt overlock spor	B	Saumið og kastið jaðar í einum saum, eða klippið umfram efnið frá seinna. Fyrir gróf teygjanleg og gróf ofin efni.
	11	11	Overlock Spor	B	Saumið og kastið jaðar í einum saum, eða klippið umfram efnið frá seinna. Fyrir meðal teygjanleg efni.
	12	12	Teygjanlegur saumur	B	Fyrir tricot efni sem lögð eru á mis. Til að sauma yfir mjóan teygjutvinna.
	13	13	Þriggja þrepa zik zak kastsaumur	J/B	Til að kasta jaðra á ýmsum efnum
	14	14	Styrktur zik zak saumur	B	Til að sauma saman jaðra - jaðar við jaðar eða á leður. Skrautsaumur.
	15	15	Þræðispor	A/B	Til að þræða saman tvö efni með extra löngum þræðisporum (minnkið tvinnaspennuna í samræmi við það sem ráðlagt er í saumaráðgjafanum á skjánum).
	16	16	Teygjanlegt blindföldunarspor	D	Blindfaldur fyrir meðal og þykk teygjanleg efni.
	17	17	Blindfaldur fyrir ofin efni	D	Blindfaldur fyrir meðal og þykk ofin efni.
	18	18	Skeljasaumur	A/B	Sem skraut á jaðra á þunnum efnum. Látið nálina fara út fyrir brotinn jaðarinn á skáskornum efnum. Við það dregur tvinninn jaðarinn inn og myndar skeljasauminn.

	19	19	Tegjanlegur saumur eða smokksaumur	A/B	Til að sauma yfir tvær raðir af tyegjutvinna - hentar vel fyrir rykkingar.
	20	20	Tengisaumur	A/B	Til að sauma saman tvö efni með föstum jöðrum og fyrir teygjarykkingu.
	21	21	Ístopps-saumur (áfram og afturábak)	A/B	Stoppið í og gerið við lítil göt eða rífur á fatnaði, gallabuxum, dúkum og fleiru. Saumið yfir gatið, ýtið síðan á afturábak hnappinn til að snúa við. Vélin hætir sjálfkrafa.
	22	22	Heftingar (handvirkar)	A/B	Til að styrkja vasa, skyrtuop, beltaslaufur, klaufar á pilsum svo og til að hefta fyrir neðan rennilása.
	23	23	Hnappagöt með ávölu lagi	hnappa-gata-fótur C	Fyrir blússur og barnafatnað.
	24	24	Meðal hnappagat með undirleggspræði	C	Fyrir meðal og þykk efni.
	25	25	Aldamóta hnappagat	C	Fyrir "handavinnuútlit" á fín og viðkvæm efni. Ráð: Ef þið saumið þessi hnappagöt á gallabuxnaefni, þá lengið og breikið sporið. Notið grófari tvinna.
	26	26	Augahnappagat	C	Fyrir jakka, kápur o.fl.
	27	27	Mjög gróft hnappagat	C	Með styrktum heftingum.
	28	28	Hnappagat fyrir leður með beinu spori	A/B	Fyrir leður og rúskinn.
	29	29	Kóssi	B	Fyrir belti, blúndur o.fl.
	30	30	Mjór flatsaumur	B	Fyrir applíkeringar, blúndur og bönd. Fyrir þunn og meðal efni.
	31	31	Meðal flatsaumur	B	Fyrir applíkeringar, blúndur og bönd. Fyrir þunn og meðal efni.
	32	32	Breiður flatsaumur	B	Fyrir applíkeringar, blúndur og bönd. Fyrir grófari efni.
	–	33	Skeljasaumur	B	Fyrir frágang á jöðrum. Klippið umfram efnið frá á eftir.
	33	34	Mjór Rick Rack saumur	B	Fyrir frágang á jöðrum. Klippið umfram efnið frá á eftir.
	34	35	Skeljasaumur	B	Fyrir frágang á jöðrum. Klippið umfram efnið frá á eftir.
	–	36	Skeljasaumur	B	Fyrir frágang á jöðrum. Klippið umfram efnið frá á eftir.
	35	37	Flatsaums örvarhaus	B	Fyrir frágang á jöðrum. Klippið umfram efnið frá á eftir.

Yfirlit yfir sauma

Saumar 0-9 eru eins í öllum fjórum valmyndum.



Val. 1: Nyttjasaumar

Val. 2: Bútsaumar


Val. 3: Flatsaumar og aldamótasaumar

Val. 4: Skrautsaumar

Sapphire 830



Sapphire 850



Stafróf

Blokk (830/850)

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZÄÅÖ-.,_
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzäåö@.,_
1234567890ÆæØøÀÁÂÇÈÉÊËÌÍÎÏÑŇß&?!'.,_

Brush Line (850)

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZÄÅÖ-.,_
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzäåö@.,_
1234567890ÆæØøÀÁÂÇÈÉÊËÌÍÎÏÑŇß&?!'.,_

Cyrillic and Hiragana

Rússnesk og Japönsk stafróf. Sjá stafagerðirnar á skjánum á ykkar vél.

Við áskiljum okkur rétt til breytinga á vél og fylgihlutum án fyrirvara og/eða breyta útliti sauma.

Slíkar breytingar verða hins vegar ávallt viðskiptavini í vil.



Vinsamlegast athugið að ef og þegar þessari vél verður fargað þarf að gera það í samræmi við viðkomandi landslög, sem taka til förgunar á rafmagns og rafeindatækjum. Hafið samband við umboðið ef þið eruð í vafa.

